

L Ö G

um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 50, 9. maí 1966 um breytingu á lögum nr. 43, 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, hef látið fella megin mál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 43, 29. maí 1958 og gef þau út svo breytt sem lög um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga:

1. gr.

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð 60 aura af hverri flösku, og renna $\frac{3}{4}$ hlutar gjalds þessa í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlum félagsmálaráðuneytisins, en $\frac{1}{4}$ hluti skal renna til Hjartaverndar, samtaka hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi, til rekstrar og endurbóta á hjartarannsóknarstöð samtakanna.

2. gr.

Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum í Styrktarsjóð vangefinna, skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. júlí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.